

Mættir:	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólaneftndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrú kennara, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi nemenda, Guðmundur Birkir Þorkelsson.
Forfallaðir:	Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra, María Guðjónsdóttir
Staður:	Fundarherbergi N-101
Tími:	Kl. 12:00-13:30
Dags.:	5. september 2018

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður skólaneftndar setti fundinn kl. 12:02 og bauð nýja fulltrúa velkomna. Nefndin þakkar Önnu Maríu Bjarnadóttur fyrir góð störf með nefndinni. Kynnt er beiðni frá MK um að fundir skólaneftndarinnar verði í framtíðinni haldnir á þriðjudögum í stað miðvikudaga. Fundarmeðlimir fallast á þá breytingu. F ber upp tillögu um að Magnea Lillý Friðgeirsdóttir verði kosin nýr ritari skólaneftndarinnar í stað Önnu Maríu. Sú tillaga er samþykkt.	FE	5 mín.
1.	Upphaf haustannar 2018	MF	17 mín.
	M.F. kynnir skóladagatal MK fyrir skólaárið 2018-2019 og fer yfir helstu viðburði ársins s.s. umhverfisdaga, tyllidaga, útskrift og jafnréttisdaga. 180 nýnemar hefja nám í MK nú á haustönn sem er sami fjöldi og í fyrra. Rúmlega 1.000 nemendur eru skráðir í skólann í heild og er það tölurverð fækkun frá síðustu árum. Kennsla er nú að hefjast í samræmi við nýjar námskrár sem hafa verið samþykktar af Menntamálaráðuneytinu. Skrifstofubraut féll niður á síðasta ári vegna skorts á nemendum en hefur verið opnuð á ný. Vegna styttingu náms var fyrir séð að segja þyrfti upp kennurum. Til þess kom þó ekki þar sem kennurum hefur fækkað um 15 frá vorönn af ýmsum ástæðum.		
2.	Sjálfsmatsskýrsla	MF	17 mín.
	M.F. kynnti sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2017-2018 en skýrslan er hluti af ISO 9001 gæðakerfi sem skólinn hefur verið með frá árinu 2009. Kerfið felur það í sér að tvisvar á ári er framkvæmd úttekt af utanaðkomandi aðilum til þess að tryggja að skólinn sé að fylgja staðlinum. Þá eru jafnframt framkvæmdar úttektir innanhúss, rýnifundur o.fl. Auk ISO 9001 fylgir skólinn HACCP gæðakerfi fyrir matvælahluta MK.		
3.	Rekstrarstaða janúar-júní 2018:	MF	30 mín.
	MF lagði fram og kynnti rekstrarstöðuna fyrir janúar til júní sl. Launakostnaður skólans er undir áætlun það sem af er ári en misjafnlega hefur gengið með aðra liði. Ferða- og dvalarkostnaður erlendis er bókaður sem mínus. Ferðirnar eru hins vegar borgaðar með styrkjum frá Nordplus og Erasmus og eru því ekki greiddar af MK. Þeir styrkir eru þó ekki bókaðir í kostnaðarliðið heldur sem sértekjur. Kostnaðarliður sem heitir aðrar vörur inniheldur m.a. öll hráefni fyrir matvæladeildirnar. Húsaleiga er c.a. 10 milljónir á mánuði sem greiðast til ríkisins. Leigunni er ætlað að standa straum af viðhaldi húsnæðis MK en í raun og veru er slík úthlutun ekki tryggð. Kostnaðarliðurinn eignakaup er bókaður sem 12 milljónir sem er frekar lágt enda inniheldur liðurinn gjöld ekki tiltekin líklegast eignakaup á árinu vegna breyttra reglna um ríkisbókhald. MK hefur ennþá ekki fengið útgefinn ársreikning síðasta árs þrátt fyrir að öll gögn hafi verið tilbúin af hálfu MK í febrúar.		

	<p>M.F. sagði skólanefnd frá því að 2 eldhús skólans hafi verið endurnýjuð í sumar. Gert var ráð fyrir því að skólinn stæði straum af kostnaði við kaup á nýjum tækjum en að Ríkiseignir greiði annað sem eigendur húsnæðisins. Tækin sem voru keypt kostuðu 30 milljónir fyrir hvort eldhús. Þar af keypti skólinn tækin fyrir annað eldhúsið fyrir áramót sem bókast því á það reikningsár. Í ljós hefur komið að Fasteignir Ríkisins vilja ekki greiða fyrir endurbætur á loftunum í eldhúsunum. Ástæðan fyrir því er sú að loftin eru frábrugðin loftum í hefbundnum >bóknámskennslustofum og því líta Fasteignir Ríkisins svo á að um sérbúnað sé að ræða sem leigutaki (MK) skuli bera straum af. Af þessum sökum falla 24 milljónir í kostnað til viðbótar á MK umfram það sem gert var ráð fyrir. Að sama skapi vilja Fasteignir Ríkisins ekki borga fyrir rafmagns- og vatnslagnir sem eru dregnar úr veggjum eldhúsanna t.a.m. til að tengja við eldavélar og vaska sem standa ekki upp við vegg. Þetta leiðir til þess að MK þarf að bera 6 milljónir af kostnaðinum við framkvæmdir á lögnum. Í ljósi töluverðra ófyrirséðra fjárútláta vegna túlkunar Fasteigna Ríkisins á skyldum leigusala hyggst M.F. fara á fund hjá Menntamálaráðuneytinu til að ræða málið.</p> <p>Bókun skólanefndar. Nefndin óskar eftir því að Flosi, sem fulltrúi skólanefndarinnar, fylgi MF á fundinn hjá ráðuneytingu</p>		
4.	Skoðaðar framkvæmdir í eldhúsum og matstofu	MF	10 mín.
	Farið í vettvangsskoðun um eldhús		
5.	Önnur mál	MF	1 mín.
	M.F. tilkynnir skólanefndinni að hún hyggst láta af störfum sem skólameistari eftir útskrift vorannar árið 2019.		
6.	Fundi slitið	FE	15 sek.
	Formaður sleit fundi kl. 13:14		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir